

REGLUGERÐ

um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til leitar, rannsókna, vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands.

2. gr.

Skilgreiningar.

Efnahagslögsaga: Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi er afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómíllur frá grunnlínum landhelginnar, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Milli Íslands annars vegar og Færeyja og Grænlands hins vegar, þar sem minna en 400 sjómíllur eru milli grunnlína, afmarkast efnahagslögsaga og landgrunn Íslands af miðlínu.

Flutningur: Flutningur kolvetnis frá hafstöð með leiðslukerfi eða með öðrum hætti.

Framleiðsla: Upptaka efnis úr jarðlögum.

Framleitt kolvetni: Kolvetni sem búið er að dæla upp úr kolvetnisgeymi og ekki hefur verið dælt aftur niður í kolvetnisgeymi.

Hafstöð:

1. Búnaður, svo sem pallar, leiðslukerfi og önnur mannvirki í efnahagslögsögu og landgrunni Íslands sem notuð eru í kolvetnisstarfsemi.

2. Hvers konar flutningstæki sem nýtt eru til kolvetnisstarfsemi meðan þau liggja við festar.

Íslenskt hafsvæði: Hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögunnar eða að ytri mörkum landgrunns þar sem það nær út fyrir efnahagslögsöguna.

Kolvetni: Jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Kolvetnisauðlind: Kolvetni á eða í kolvetnisgeymi.

Kolvetnisgeymir: Jarðfræðilega afmarkað svæði undir hafsbotni sem inniheldur kolvetni.

Kolvetnislögin: Lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis með síðari breytingum.

Kolvetnisstarfsemi: Starfsemi sem tengist kolvetnisauðlindum neðansjávar, svo sem rannsóknir og vinnsla, þar með talið áform um slíka starfsemi en þó ekki olúflutningar með skipi.

Landgrunn: Hafsbotninn og neðansjávarsvæði utan landhelginnar, sem eru framlenging landsvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Milli Íslands annars vegar og Færeyja og Grænlands hins vegar, þar sem minna en 400 sjómíllur eru milli grunnlína, afmarkast efnahagslögsaga og landgrunn Íslands af miðlínu.

Landhelgi Íslands eða landhelgin: Svæði afmarkað af línu sem alls staðar er 12 sjómíllur frá grunnlínu sem dregin er samkvæmt lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Leit: Könnun á almennum skilyrðum til myndunar og varðveislu kolvetnis, afmörkun svæða þar sem slík skilyrði eru hagstæð og leit að kolvetnisauðlindum með mælingum úr lofti, á láði, á legi, á hafsbotni eða með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna.

Leitarleyfishafi: Aðili sem fengið hefur leyfi til leitar að kolvetni skv. III. kafla laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Leyfishafi: Aðili sem skráður er hér á landi sem fengið hefur leyfi til rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis skv. IV. kafla laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Íslenskt útibú eða umboðs-

skrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum telst skráður aðili.

Rekstraraðili: Sá úr hópi leyfisaðila sem sér um daglega stjórn kolvetnisstarfseminnar fyrir hönd leyfishafa.

Rannsóknir: Mat á stærð, legu og vinnslueiginleikum kolvetnisgeymis með borun leitarholna og borholumælingum auk leitar að kolvetni með jarðeðlisfræðilegum aðferðum.

Tilraunabrunnur: Borhola sem ekki er ætluð til vinnslu kolvetnis.

Vinnsla: Vinnsla kolvetnis úr kolvetnisgeymi, þ.m.t. borun vinnsluholna, dæling eða leiðsla kolvetnis til yfirborðs, niðurdæling kolvetnis og annarra efna, meðhöndlun og geymsla kolvetnis fyrir flutning, útskipun kolvetnis ásamt byggingu, uppsetningu, rekstur og lokun hafstöðvar ætlaðrar til slíkrar vinnslu.

II. KAFLI

Eignarréttur að kolvetni.

3. gr.

Eignarréttur að kolvetni.

Íslenska ríkið er eigandi alls kolvetnis skv. 1. gr. Heimilt er að semja við handhafa rannsóknar- og vinnsluleyfis um að hann verði eigandi þess kolvetnis sem hann framleiðir.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari.

III. KAFLI

Leyfi til leitar að kolvetni.

4. gr.

Leyfi til leitar.

Orkustofnun veitir leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu að markmiði.

5. gr.

Umsókn.

Í umsókn um leitarleyfi skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn umsækjanda og heimilisfang. Ef um lögaðila er að ræða þurfa opinber skráningargögn að fylgja umsókn.
2. Staðarmörk svæðis sem sótt er um.
3. Tilgangur með öflun leyfis.
4. Ítarleg útskýring á fyrirhugaðri starfsemi umsækjenda, þar á meðal eðli og markmið rannsókna og rannsóknaraðferð. Einnig þurfa að koma fram upplýsingar um nafn, stærð, tegund, gerð og lýsingu á rannsóknartækjum.
5. Staðfesting á því að umsóknargjald, sbr. 30. gr. kolvetnislaganna, hafi verið greitt.
6. Orkustofnun getur óskað frekari upplýsinga en um getur í 1. mgr.

Umsókn um leyfi skal berast Orkustofnun á íslensku eða ensku.

6. gr.

Málsmeðferð.

Áður en Orkustofnun veitir leyfi til leitar skal hún leita umsagnar sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Þá skal Orkustofnun leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum.

7. gr.

Svæðið sem leitarleyfi tekur til.

Í leitarleyfi skal tilgreina svæðið sem leyfið tekur til.

Leitarleyfi gildir ekki á svæðum þar sem sérleyfi til rannsókna eða vinnslu er í gildi samkvæmt kolvetnislögunum, óháð því hvenær sérleyfið er veitt, nema með samþykki leyfishafa og Orkustofnunar.

8. gr.

Heimildir samkvæmt leitarleyfi.

Leyfi heimilar leit með eftirtöldum aðferðum:

1. Segulmælingum.
2. Viðnámsmælingum.
3. Þyngdarmælingum.
4. Jarðsveiflumælingum.
5. Mælingum á varmaflæði.
6. Mælingum á náttúrulegri geislavirkni.
7. Jarðefnafræðilegum aðferðum.
8. Sýnatöku af jarðlögum hafsbotsins án borunar.
9. Borun eftir sýnum af jarðlögum hafsbotsins allt að 25 metrum niður fyrir hafsbotn.

Orkustofnun getur heimilað aðrar leitaráðferðir samkvæmt beiðni umsækjanda.

Leyfi felur í sér heimild til borunar í þeim tilgangi að afla upplýsinga um almenn skilyrði til myndunar og varðveislu kolvetnis. Feli leit í sér dýpri borun en 25 metra niður fyrir hafsbotn skal senda Orkustofnun sérstaka umsókn með þeim upplýsingum sem stofnunin telur nauðsynlegar.

Leyfi veitir ekki rétt til borunar eftir kolvetni, vinnslu kolvetnis eða forgangsrétt til að fá slíkt leyfi síðar.

9. gr.

Gildistími leitarleyfis.

Leyfi til leitar að kolvetni skal veitt til allt að þriggja ára.

Leitarleyfishafi getur hvenær sem er afsalað sér leyfinu með skriflegri tilkynningu til Orkustofnunar.

10. gr.

Tilkynningar varðandi leit.

Sérhvern leiðangur til leitar að kolvetni á eða yfir íslensku hafsvæði skal tilkynna til Orkustofnunar eigi síðar en fimm vikum áður en hann hefst. Orkustofnun er við sérstakar aðstæður heimilt að veita undanþágu frá tilgreindum fresti.

Skipaleiðangur skal tilkynna til Landhelgisgæslu Íslands innan frests skv. 1. mgr. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Upplýsingar um leyfið, verktaka við leitina, mælingaskipið og hvernig unnt sé að hafa samband við þessa aðila.
2. Hvort fyrirhugað sé að beita þjónustu- eða stuðningsfarartækjum við leiðangurinn.
3. Stutt lýsing á tilgangi leiðangursins.
4. Hornhnit leitarsvæðisins.
5. Upplýsingar um lágmarksathafnasvæði skipsins við mælingar.

Leiðangur með loftfari skal tilkynna til Flugmálastjórnar Íslands og Landhelgisgæslu Íslands innan frests skv. 1. mgr. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Upplýsingar um leyfið, verktaka við leitina, loftfarið og hvernig unnt sé að hafa samband við þessa aðila.
2. Hvort fyrirhugað sé að beita þjónustu- eða stuðningsfarartækjum við leiðangurinn.
3. Stutt lýsing á tilgangi leiðangursins.
4. Hornhnit leitarsvæðisins.
5. Upplýsingar um flughæð við mælingar.

11. gr.

Tilkynning um að leit með skipi sé að hefjast.

Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Upplýsingar um leyfið.
2. Nafn skips og heimahöfn.
3. Einkennisstafir.

4. Radíókallmerki.
5. Inmarsat fjarskiptanúmer fyrir síma, símbréf og tölvupóst.
6. Síðasta viðkomuhöfn áður en komið er inn á íslenskt hafsvæði (höfn og land).
7. Fyrsta viðkomuhöfn eftir að farið verður af íslensku hafsvæði (höfn og land).
8. Áætluð tímasetning og staðsetning við komu á leitarsvæðið.
9. Upplýsingar um fyrirhugaðar komur í íslenskar hafnir (hafnir og áætlaða komutíma).
10. Nafn og heimilisfang umboðsmanns á Íslandi.

Ef leiðangur hefst utan Íslands eða er farinn með erlendu skipi skal tilkynna hann þegar komið er inn á íslenskt hafsvæði, þ.e. við ytri mörk efnahagslögsögunnar eða við ytri mörk landgrunnins, þar sem það nær út fyrir efnahagslögsöguna. Að öðrum kosti skal tilkynna leiðangur þegar lagt er af stað úr íslenskrri höfn.

Í tilkynningu má óska eftir því við Landhelgisgæslu Íslands að hún sendi út viðvörðun um fyrirhugaðar mælingar til annarra sjófarenda á leitarsvæðinu.

Komur til íslenskra hafna skal tilkynna Landhelgisgæslu Íslands og öðrum íslenskum yfirvöldum með a.m.k. 24 klst. fyrirvara.

12. gr.

Tilkynning um að leit með loftfari sé að hefjast.

Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Upplýsingar um leyfið.
2. Einkennisstafir loftfars og kallmerki.
3. Áætluð tímasetning og staðsetning við komu á leitarsvæðið.

Ef leiðangur hefst utan Íslands eða er farinn með erlendu loftfari skal tilkynna hann þegar komið er inn yfir íslenskt hafsvæði, þ.e. við ytri mörk efnahagslögsögunnar eða við ytri mörk landgrunnins, þar sem það nær út fyrir efnahagslögsöguna. Að öðrum kosti skal tilkynna leiðangur þegar lagt er af stað frá íslenskum flugvelli.

Fari leiðangur inn á íslenska flugupplýsingasvæðið (OCA/BIRD) skal leggja flugáætlun fyrir Flugmálastjórn Íslands eigi síðar en einni klst. áður en komið er inn á svæðið.

13. gr.

Dagleg tilkynning.

Á hverjum degi kl. 11.00 – 15.00 að miðtíma Greenwich skal tilkynna um staðsetningu og áætlaðar ferðir leitarfars næstu 24 klst. Skal tilkynning send til Flugmálastjórnar Íslands og Landhelgisgæslu Íslands ef um leiðangur með loftfari er að ræða, en til Landhelgisgæslu Íslands ef um skipaleiðangur er að ræða.

Tilkynna skal sérstaklega um brottför af leitarsvæði.

14. gr.

Skil á skýrslum og gögnum.

Meðan á leiðangri stendur skal leitarleyfishafi senda Orkustofnun vikulega skýrslu, með nákvæmu yfirliti um framkvæmd leitarinnar, með símbréfi eða tölvupósti.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að leiðangri lýkur skal leitarleyfishafi gefa Orkustofnun skýrslu um hann. Í skýrslunni skal koma fram nákvæmt yfirlit um leiðangurinn, þar með talið lýsing á framkvæmd leitarinnar, leitarbúnaði, mælingum og töku sýna.

Leitarleyfishafi skal fyrir hvert almanaksár gefa Orkustofnun skýrslur um allar jarðfræðilegar, jarðeðlisfræðilegar og jarðefnafræðilegar athuganir sem gerðar hafa verið á svæðinu sem leyfið tekur til. Skýrslurnar skal senda Orkustofnun svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. apríl árið eftir að athuganirnar fóru fram. Skýrslunum skulu fylgja afrit af gögnum, greiningum og niðurstöðum gagnavinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum Orkustofnunar. Leitarleyfishafi skal afhenda Orkustofnun sýni óski hún þess.

Orkustofnun getur veitt undanþágu frá skilafresti skv. 3. mgr.

Leitarleyfishafi skal uppfylla allar kvaðir samkvæmt grein þessari Orkustofnun að kostnaðarlausu.

IV. KAFLI

Rannsóknar- og vinnsluleyfi.

15. gr.

Rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Orkustofnun veitir leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Slíkt leyfi felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu. Heimilt er að kveða nánar á um skyldur og rannsóknarkvaðir leyfishafa í rannsóknar- og vinnsluleyfi.

Í þeim tilvikum þar sem handhafar leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru fleiri en einn ber að leggja til staðfestingar Orkustofnunar samstarfssamning um framkvæmd leyfisins. Allar breytingar á slíkum samningi, eða aðrir viðaukar, eru háðir samþykki Orkustofnunar. Einungis má veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis aðilum sem hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi. Gera má ríkari kröfur til rekstraraðila í því sambandi.

Rannsóknar- og vinnsluleyfi samkvæmt reglugerð þessari felur í sér heimild til þess að rannsaka kolvetnisauðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum með þeim skilmálum sem tilgreindir eru í reglugerð þessari, lögum, í leyfinu sjálfu og samkvæmt nánari fyrirmælum Orkustofnunar. Orkustofnun er heimilt að skipta leyfistíma rannsóknarleyfis í undirtímabil þar sem kveðið skal nánar á um réttindi og skyldur leyfishafa á hverju einstöku tímabili. Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rannsóknum á leyfishafi forgangsrétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár. Að fenginni framlengingu leyfis til vinnslu felur rannsóknar- og vinnsluleyfi í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi kolvetnisauðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í reglugerð þessari, lögum, í leyfinu sjálfu og sem Orkustofnun telur nauðsynlega.

Þegar gerðar eru athuganir á leyfissvæði innan ramma og á gildistíma rannsóknar- og vinnsluleyfis með sömu aðferðum og heimilaðar eru vegna leitar skv. 8. gr. reglugerðar þessarar, skulu fyrirmæli í 10. - 13. gr. reglugerðarinnar gilda um framkvæmd þeirra.

16. gr.

Umsókn.

Í umsóknum um rannsóknar- og vinnsluleyfi skal koma skýrt fram hvert sé markmið með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um staðsetningu, umfang, eðli og tímasetningu fyrirhugaðra framkvæmda umsækjanda eftir nánari ákvörðun Orkustofnunar.

Telji Orkustofnun að umsókn um rannsóknarleyfi uppfylli ekki kröfur skv. 1. mgr. getur hún synjað um rannsóknarleyfi eða sett sérstök skilyrði í rannsóknarleyfi af þessu tilefni.

Í umsókn skulu a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:

1. Upplýsingar um skráningu umsækjanda í opinbera skrá hér á landi.
2. Afmörkun svæðis sem sótt er um með hnitum.
3. Forgangsröðun svæða í þeim tilvikum þegar sótt er um fleiri svæði en eitt.
4. Ítarlegar upplýsingar varðandi fyrirhugaða starfsemi umsækjanda, þar á meðal upplýsingar um fjárhagslega getu umsækjanda til að stunda starfsemi þessa.
5. Jarðfræðilegt mat á því svæði sem sótt er um og hversu skilvirk fyrirhuguð kolvetnisstarfsemi er á svæðinu.
6. Áætlun um kostnað vegna rannsókna á því svæði, eða svæðum, sem sótt er um.
7. Upplýsingar varðandi reynslu, tæknilega getu, mannauð, skipulag og aðra sérfræðipekkingu væntanlegra leyfisaðila vegna fyrirhugaðrar starfsemi umsækjanda á því svæði sem sótt er um rannsóknar- og vinnsluleyfi á. Sérstaklega skal gerð grein fyrir framangreindu í tilvikum rekstraraðila.
8. Staðfesting á því að umsóknargjald, sbr. 30. gr. a í kolvetnislögum, hafi verið greitt.

Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi uppdrætti.

Orkustofnun er heimilt að veita undanþágur frá þeim skilyrðum sem um getur í 3. mgr. og einnig getur stofnunin óskað frekari upplýsinga en þeirra sem þar er getið um.

Umsókn um rannsóknar- og vinnsluleyfi skal berast Orkustofnun á íslensku eða ensku.

17. gr.

Málsmeðferð.

Áður en Orkustofnun veitir leyfi til rannsóknar og vinnslu skal hún leita umsagnar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Þá skal Orkustofnun leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum.

18. gr.

Leyfisveiting.

Orkustofnun er eingöngu heimilt að byggja skilyrði fyrir veitingu og nýtingu rannsóknar- og vinnsluleyfis á sjónarmiðum um nauðsyn þess að tryggja að kolvetnisstarfsemi innan þess svæðis sem leyfið tekur til fari fram með sem bestum hætti.

Orkustofnun er heimilt á hverjum tíma að setja skilyrði og gera kröfur um hvernig starfsemi samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi er stunduð, m.a. á grundvelli þjóðaröryggis, almannaöryggis, almannaheilbrigðis, samgönguöryggis, umhverfisverndar, verndar lífrænna auðlinda og þjóðargersema sem hafa listrænt, sögulegt og fornleifafræðilegt gildi, öryggis mannvirkja og starfsmanna, skipulagðrar stjórnunar kolvetnisauðlinda, t.d. hversu hratt kolvetni er nýtt, eða þarfar á að tryggja skatttekjur og til að tryggja að nýting kolvetnisauðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Við ákvörðun um veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfis skal einkum taka mið af fjárhagslegri og tæknilegri getu umsækjenda, að vinnsla auðlindar sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og á hvaða hátt framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði. Hafi tiltekinn umsækjandi áður verið handhafi rannsóknar- og vinnsluleyfis er Orkustofnun einnig heimilt að líta til þess hvort umsækjandi hafi við handhöfn hins fyrra leyfis sýnt fram á fullnægjandi skilvirkni eða hvort hann hafi sýnt af sér háttsemi sem gefi réttmæta ástæðu til þess að draga í efa hæfni hans að mati Orkustofnunar. Telji Orkustofnun tvær eða fleiri umsóknir jafnhæfar að uppfylltum framangreindum skilyrðum er henni heimilt að meta umsóknir út frá öðrum málefnalegum sjónarmiðum.

19. gr.

Efni rannsóknar- og vinnsluleyfis.

Í rannsóknar- og vinnsluleyfi skal m.a. kveðið á um:

1. Tímalengd leyfis. Kveðið skal á um hvenær starfsemi skuli í síðasta lagi hefjast og hvenær henni skuli lokið.
2. Afmörkun rannsóknar- eða vinnslusvæðis.
3. Upplýsingar um rekstraraðila leyfis.
4. Hvernig skuli staðið að rannsóknum og vinnslu kolvetnis, þar á meðal skilyrði um staðsetningu og dýpi borholna til vinnslu og niðurdælingar og vinnsluhraða.
5. Útfærslu tæknilegra lausna og kröfur um búnað.
6. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, þ.m.t. skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
7. Eftirlit Orkustofnunar og annarra opinberra aðila eftir því sem við á.
8. Þagnarskyldu og gagnaleynd.
9. Heilsu-, öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir eftir því sem við á.
10. Kaup ábyrgðartrygginga hjá viðurkenndu váttryggingafélagi, bankatryggingar, verkábyrgðir eða aðrar tryggingar sem Orkustofnun metur jafngildar og bæta tjón sem leyfishafi kann að valda með störfum sínum.
11. Ráðstöfun hafstöðva, vinnslumannvirkja og vinnslutækja að leyfistíma loknum.
12. Frágang á hafstöðvum og starfsstöðvum sem nýttar hafa verið við rannsóknir eða vinnslu.
13. Stofnframlag sem og árlegt gjald leyfishafa rannsóknar- og vinnsluleyfis í kolvetnisrannsóknasjóð.
14. Gjaldtöku vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis.

Heimilt er að kveða á um í rannsóknar- og vinnsluleyfi að það skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfis breyst.

20. gr.

Tímalengd og skilyrði leyfis.

Leyfi til rannsókna skal veitt til allt að 12 ára og er heimilt að framlengja það til allt að tveggja ára í senn. Hámarkstími leyfis til rannsókna skal þó ekki vera lengri en samtals 16 ár. Miða skal tímalengd leyfis til rannsókna við umfang rannsókna og eðli kolvetnisauðlindar.

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rannsóknum í rannsóknar- og vinnsluleyfinu á leyfishafi forgangsrétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár. Umsókn um framlengingu leyfis skal berast Orkustofnun eigi síðar en 90 dögum áður en gildandi rannsóknar- og vinnsluleyfi fellur úr gildi. Orkustofnun er heimilt að krefja leyfishafa um eftirgjöf ákveðins hluta rannsóknarsvæðis áður en rannsóknar- og vinnsluleyfi er framlengt og skal tillaga leyfishafa um slíka eftirgjöf berast Orkustofnun eigi síðar en 90 dögum fyrir lok gildistíma rannsóknar- og vinnsluleyfis. Frekari fyrirmæli um eftirgjöf svæða skulu sett í rannsóknarleyfi. Berist Orkustofnun eigi tillaga leyfishafa er henni heimilt að ákveða eftirgjöf svæða.

Stöðvi leyfishafi vinnslu samfellt í þrjú ár fellur leyfið niður að þeim tíma liðnum.

Heimilt er að afturkalla rannsóknar- og vinnsluleyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

Leyfi til vinnslu skv. 2. mgr. skal a.m.k. taka til þess hluta svæðisins þar sem leyfishafi hyggst hefja vinnslu kolvetnis og hagkvæmur er til vinnslu að mati Orkustofnunar.

Leyfishafi skal sjá til þess að kolvetnisstarfsemin fari fram á ábyrgan hátt og í samræmi við þá löggjöf sem er í gildi hverju sinni og skal starfsemin taka tillit til nýtingar auðlindarinnar, sem og öryggis- og almannahagsmuna. Ráðstafanir leyfishafa varðandi skipulag og stærð starfseminnar skulu vera þannig að leyfishafi geti á hverjum tíma tekið upplýstar ákvarðanir um kolvetnisstarfsemi sína. Til að tryggja eftirfylgni um ráðstafanir leyfishafa getur Orkustofnun, telji hún það nauðsynlegt með tilliti til umfangs kolvetnisstarfsemi leyfishafa, sett fram sérstakar kröfur um ráðstafanir leyfishafa og staðsetningu stöðva þeirra.

21. gr.

Skuldbindingar.

Í rannsóknar- og vinnsluleyfi er Orkustofnun heimilt að kveða á um frekari skuldbindingar leyfishafa á gildistíma leyfisins, umfram þær skuldbindingar sem kveðið er á um í reglugerð þessari, svo sem varðandi rannsóknir og rannsóknaboranir á tilteknum fjölda brunna niður á ákveðið dýpi. Viðkomandi rannsóknar- og vinnsluleyfi skal mæla fyrir um efni, umfang og tímamörk til að uppfylla viðkomandi skuldbindingar.

Orkustofnun er heimilt að veita undanþágur frá slíkum skuldbindingum. Komi til þess að rannsóknar- og vinnsluleyfi verði framlengt skal kveðið á um skuldbindingar leyfishafa samhliða slíkri framlengingu.

V. KAFLI

Framleiðsla kolvetnis o.fl.

22. gr.

Hagnýtar framleiðsluaðferðir.

Framleiðsla kolvetnis skal fara fram með þeim hætti að eins mikið af kolvetni sé framleitt úr hverjum kolvetnisgeymi og unnt er. Framleiðslan skal fara fram í samræmi við almennt viðurkennd tæknileg- og efnahagsleg viðmið og á þann hátt að leitast sé við að forðast sóun á kolvetni eða öðrum orkugjöfum.

Leyfishafi skal reglulega endurmeta framleiðsluaðferðir og tæknilegar lausnir við framleiðsluna og skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að ná framangreindu markmiði.

23. gr.

Borun í jarðlögum.

Boranir í jarðlög undir hafsbotni mega einungis hefjast að fengnu samþykki Orkustofnunar á búnaði, áætlun um borun og starfsfyrirkomulagi.

Orkustofnun getur sett nánari ákvæði um slíkar boranir, meðal annars um umsóknir, skráningu, söfnun gagna, skýrslugjöf og tímaáætlun.

24. gr.

Mat á kolvetnisauðlind.

Innan átta mánaða frá því tilvist kolvetnisauðlindar hefur verið staðfest með borunum skal leyfishafi afhenda Orkustofnun áætlanir um frekari rannsóknir sem og niðurstöður rannsókna á kolvetnisauðlindinni.

Hafi verið sýnt fram á líkindi fyrir því að kolvetnisgeymir innihaldi nýtanlegt kolvetni með prófunum, sýnatökum eða með öðrum hætti, skal leyfishafi að auki gefa til kynna stærð kolvetnisgeymis og leggja fram áætlanir um áframhaldandi starfsemi.

Orkustofnun getur farið fram á að leyfishafi leggi fram frekara mat og upplýsingar varðandi kolvetnisauðlindina.

25. gr.

Yfirlýsing þess efnis að vinnsla verði ekki hafin.

Eigi síðar en tveimur árum eftir að síðasti tilraunabrunnur var boraður skal leyfishafi tilkynna Orkustofnun skriflega hafi hann tekið þá ákvörðun að hefja ekki vinnslu kolvetnis úr kolvetnisgeymi. Skal tilkynningunni fylgja skýrsla þar sem fram koma ástæður ákvörðunarinnar og samantekt á helstu upplýsingum um kolvetnisauðlindina, svo sem tæknilegum og efnahagslegum atriðum, auk rannsókna sem gerðar hafa verið, eða sem ráðgert er að gera með það að markmiði að ákvarða hvort kolvetnisauðlindin er eða getur orðið viðskiptalega hagkvæm.

26. gr.

Framkvæmda- og vinnsluáætlun.

Hafi leyfishafi fundið nýtanlegar kolvetnisauðlindir og hyggist hann hefja vinnslu ber honum, áður en hann hefur nokkra slíka starfsemi, að leggja framkvæmda- og vinnsluáætlun fyrir Orkustofnun til samþykktar, sbr. 2. mgr. 15. gr. kolvetnislaganna.

Framkvæmda- og vinnsluáætlun skal innihalda lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum og vinnslu. Orkustofnun er heimilt að krefjast þess að leyfishafi veiti upplýsingar um með hvaða hætti hann hyggst fjármagna framkvæmdir og vinnslu samkvæmt áætluninni.

Orkustofnun skal rökstyðja ákvörðun sína um að samþykkja eða synja framkvæmda- og vinnsluáætlun.

Tilkynna ber Orkustofnun um allar viðamiklar breytingar og frávik frá upphaflegri áætlun. Í slíkum tilvikum er Orkustofnun heimilt að krefjast þess að ný eða breytt áætlun verði lögð fram.

Þegar ríkir hagsmunir krefjast þess er Orkustofnun heimilt að breyta skilmálum framkvæmda- og vinnsluáætlunar.

27. gr.

Nánari lýsing á framkvæmda- og vinnsluáætlun.

Lýsing á framkvæmdum og vinnslu ásamt fylgiskjölum skulu löguð að umfangi framkvæmdanna og vinnslunnar. Lýsingin skal taka mið af upplýsingum sem varða kolvetnisauðlindina ásamt efnahagslegum-, tæknilegum-, umhverfisverndar- og öryggissjónarmiðum við framkvæmdirnar og vinnsluna.

Framkvæmda- og vinnsluáætlun skal innihalda eftirfarandi atriði eftir aðstæðum:

- a) Áætlun um byggingu, uppsetningu og rekstur hafstöðvar.
- b) Rökstudda framkvæmda- og vinnslustefnu.
- c) Lýsingu á síðari framkvæmda- og vinnslustigum, ef einhver eru, sem og á samstarfi um samnýtingu kolvetnisauðlinda eftir því sem við á.
- d) Lýsingu á jarð- og verkfræðilegum sjónarmiðum er varða kolvetnisauðlindina.
- e) Framleiðsluáætlun.
- f) Lýsingu á tæknilegum lausnum, þar á meðal lausnum sem miða að því að hindra eða draga úr losun eða útgufun sem skaðað gæti umhverfið.

- g) Upplýsingar um með hvaða hætti leyfishafi hyggst tryggja að starfsemi hans og starfsmenn fari eftir lögum og reglum sem um starfsemina gilda.
 - h) Upplýsingar um starfrækslu og viðhald.
 - i) Áætlun um kostnað og efnahagslegan ávinning.
 - j) Upplýsingar um hvaða leyfi hefur verið sótt um, samþykkis sem leitað hefur verið eftir eða fyrirhugað er að leita eftir og ef fyrirhugað er að búnaður eða aðstaða, sem háð er eignarrétti þriðja aðila, verði sett upp á landi eða á sjávarbotni.
 - k) Áætlun um með hvaða hætti frágangi hafstöðva, vinnslumannvirkja og vinnslutækja verði háttáð þegar kolvetnisstarfsemi lýkur.
 - l) Upplýsingar um byggingu og starfrækslu leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis sem háð er leyfi Orkustofnunar, skv. 17. gr. kolvetnislaganna.
 - m) Upplýsingar um flutning á kolvetni frá vinnslustað.
 - n) Lýsing á tæknilegum ráðstöfunum í tengslum við neyðarviðbúnað.
 - o) Aðrar umbeðnar upplýsingar í samræmi við gildandi öryggislöggjöf á hverjum tíma.
- Orkustofnun getur farið fram á að aðrar lausnir verði teknar til athugunar.

28. gr.

Áætlun um byggingu, uppsetningu og rekstur hafstöðvar.

Framkvæmda- og vinnsluáætlun skal ná til byggingar, uppsetningar og reksturs hafstöðva ásamt mati á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun er heimilt að binda samþykki sitt á framkvæmda- og vinnsluáætlun frekari skilyrðum varðandi áætlunina um byggingu, uppsetningu og rekstur hafstöðvar og getur m.a. mælt fyrir um samnýtingu hafstöðva, að afkastageta hafstöðvar verði aukin eða að hafstöð verði breytt með þeim hætti að hún verði nothæf fyrir aðrar tegundir kolvetnis en þá sem áætlunin gerði upphaflega ráð fyrir.

Kostnaður sem hlýst af framangreindu skal borinn af þeim aðila eða aðilum sem hafa hag af slíkum skilyrðum.

29. gr.

Efni áætlunar um byggingu, uppsetningu og rekstur hafstöðvar.

Áætlun um byggingu, uppsetningu og rekstur hafstöðvar skal taka mið af sjónarmiðum sem varða kolvetnisauðlindina ásamt efnahagslegum-, tæknilegum-, umhverfisverndar- og öryggissjónarmiðum. Þá skal hún taka mið af umfangi verkefnisins.

Áætlunin skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi eftir því sem nauðsynlegt er að mati Orkustofnunar:

- a) Legu, stærð og flutningsgetu leiðslna.
- b) Eignarhald hafstöðvarinnar.
- c) Starfrækslu og viðhald hafstöðvar, vinnslumannvirkja og vinnslutækja.
- d) Lýsingu á tæknilegum ráðstöfunum í tengslum við neyðarviðbúnað.
- e) Aðra þætti sem eru mikilvægir fyrir stýringu kolvetnisauðlindanna.
- f) Aðrar umbeðnar upplýsingar í samræmi við gildandi öryggislöggjöf á hverjum tíma.

Orkustofnun er heimilt að gera frávik frá kröfum um innihald áætlunarinnar.

30. gr.

Skilmálar framleiðsluáætlunar.

Áður en eða samhliða því að Orkustofnun samþykkir framkvæmda- og vinnsluáætlun skal liggja fyrir samþykki Orkustofnunar á framleiðsluáætlun. Orkustofnun skal í samþykki sínu kveða á um það magn efnis sem leyfishafa er heimilt að vinna, dæla niður aftur eða losa, á ákveðnum tímabilum. Orkustofnun skal byggja slíka ákvörðun á framlagðri framleiðsluáætlun nema nýjar upplýsingar um kolvetnisauðlindina eða aðrar aðstæður krefjist annars.

Orkustofnun er heimilt að kveða nánar á um efni framleiðsluáætlunar.

31. gr.

Upplýsingar vegna afhendingar á kolvetni.

Leyfishafi skal innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs afhenda Orkustofnun upplýsingar um skuldbindandi samninga um afhendingu kolvetnis úr landgrunni Íslands. Skulu þær innihalda tæmandi upplýsingar um umsamið magn kolvetnis auk lýsingar á helstu skilmálum samninga þ.m.t. en ekki takmarkað við upplýsingar um gagnaðila og ef við á um umsamið verð þess magns kolvetnis sem samið hefur verið um að afhenda á næstliðnum ársfjórðungi.

Orkustofnun getur ákveðið önnur tímamörk fyrir afhendingu upplýsinga en að framan greinir.

32. gr.

Svæðisskýrsla.

Orkustofnun getur krafist þess að leyfishafi geri sérstaka skýrslu um svæði sem leyfi nær til og að leyfishafa verði gefinn að minnsta kosti sex mánaða frestur til undirbúnings slíkrar skýrslu nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til styttri tímafrests.

33. gr.

Sértækar aðgerðir til upplýsingaöflunar.

Orkustofnun getur krafist sértækra aðgerða í því skyni að afla upplýsinga ef nauðsynlegt er talið að leggja mat á hvort rekstur kolvetnisauðlinda fari fram með skynsamlegum hætti eða til að hrinda af stað samstarfi milli nokkurra leyfishafa um samnýtingu kolvetnisauðlinda.

34. gr.

Mæling á kolvetni.

Leyfishafa ber að mæla og greina allt framleitt og unnið kolvetni í samræmi við almennt viðurkenndar aðferðir. Búnaðurinn og aðferðin skal hafa hlotið samþykki Orkustofnunar.

Ef ástæða er til að ætla að magn framleidds eða unnins kolvetnis hafi verið reiknað ranglega, ber leyfishafa að veita Orkustofnun aðgang að öllum gögnum og búnaði í því skyni sannreyna útreikningana.

35. gr.

Eftirlit með kolvetnisgeymum og vinnslu á framleiðslutímabili.

Leyfishafa ber að hafa eftirlit með kolvetnisgeymum á meðan á framleiðslunni stendur, þar á meðal þrýstingi og flæðiskilyrðum, framleiddu og niðurdældu magni á hverja borholu, svæði og geymi svo og samsetningu efnisþátta kolvetnis. Með svæði er í grein þessari átt við hluta af kolvetnisgeymi sem hægt er að líta á sem aðskilinn hluta kolvetnisgeymis vegna mismunandi þrýstings og lektar.

Heildarframleiðsla og magn niðurdælingar á svæði skal hlutfallað við hverja einstaka holu á mánaðarlegum grundvelli miðað við fyrirfram ákveðin viðmið.

Framleiðsluáðstæður skulu miða að því að ná hámarks vinnsluárangri.

36. gr.

Samþykki fyrir að hefja framkvæmdir og halda þeim áfram.

Leyfishafa ber að afla sérstaks samþykkis Orkustofnunar áður en borun hefst í jarðlög undir hafsbotni svo og annarra tilskilinna leyfa. Slíkt samþykki skal ná til búnaðar, áætlunar um borun og starfsfyrirkomulags. Þá er bygging og starfræksla leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis háð samþykki Orkustofnunar.

Leyfishafa ber einnig að afla sérstaks samþykkis Orkustofnunar í eftirfarandi tilvikum:

- a) Áður en hafstöð eða hluti hafstöðvar er tekinn til notkunar.
- b) Áður en hafstöð eða hluti hafstöðvar er tekinn til notkunar eftir viðamikla enduruppbyggingu eða breytingar eða áður en breytingar eru gerðar á upphaflegum tilgangi hafstöðvarinnar.

- c) Áður en hafstöð er notuð umfram þann tíma sem upphaflega var fyrirhugaður eða með öðrum hætti en mælt var fyrir um í framkvæmda- og vinnsluáætlun, áætlun um uppsetningu og starfrækslu hafstöðvar eða áætlun um lokun hafstöðvar.

37. gr.

Rannsóknir vegna lagningar leiðslubúnaðar og jarðvegskannanir.

Leyfishafa ber eigi síðar en fimm vikum fyrir upphaf rannsókna vegna lagningar leiðslubúnaðar sem og jarðvegskannana að koma upplýsingum um eftirfarandi á framfæri við Orkustofnun:

- a) Tilgang rannsókna.
- b) Tíma, lengd og staðsetningu rannsókna.
- c) Rannsóknaraðferðir.
- d) Tegund skipa sem notast verður við.
- e) Dýpi sem borað verður á.

Á meðan rannsóknir vegna lagningar leiðslubúnaðar og jarðvegskannanir standa yfir er óheimilt að bora dýpra en 200 metra undir sjávarbotn.

38. gr.

Áætlun um lokun hafstöðva.

Áætlun um lokun einnar eða fleiri hafstöðva skal uppfylla skilyrði 16. gr. kolvetnislaganna, ákvæði viðkomandi rannsóknar- og vinnsluleyfis, reglugerðar þessarar sem og annarra laga og reglna sem um hana gilda á hverjum tíma. Áætlunina ber að leggja fram til Orkustofnunar til samþykktar og setur stofnunin nánari skilyrði um efni hennar. Óheimilt er að hefja framkvæmd lokunar fyrr en samþykki Orkustofnunar liggur fyrir.

Í áætlun um lokun hafstöðva skv. 16. gr. kolvetnislaganna skal tilgreina upplýsingar um eftirfarandi:

- a) Vinnslu kolvetnis á svæðinu.
- b) Staðsetningu og eðli hafstöðvar.
- c) Möguleika á áframhaldandi vinnslu.
- d) Tillögu leyfishafa að aðferð við lokun, þar á meðal tímaáætlun um framkvæmd lokunar.
- e) Aðrar mögulegar aðferðir við lokun hafstöðvar.
- f) Önnur atriði sem skipta máli við val á aðferðum við lokun hafstöðvar.

Orkustofnun getur farið fram á að leyfishafi sýni fram á að áætlunin uppfylli ákvæði laga og reglugerða sem í gildi eru á hverjum tíma um öryggis- og umhverfismál.

Áætlunin skal taka tillit til eftirfarandi sjónarmiða varðandi sérhverja aðferð við lokun hafstöðvar sem hún fjallar um:

- a) Tæknilegra-, öryggis-, umhverfis- og efnahagslegra sjónarmiða.
- b) Mat á áhrifum á fiskveiðar og siglingar.

Orkustofnun er heimilt að gera undantekningu frá kröfum um innihald áætlunarinnar og er enn fremur heimilt að krefjast frekari upplýsinga og mats en þar kemur fram.

Breytist forsendur áætlunar um lokun hafstöðvar ber að tilkynna slíkar breytingar tafarlaust til Orkustofnunar og leggja fram nýja áætlun um lokun hafstöðvar til samþykkis Orkustofnunar svo fljótt sem auðið er.

VI. KAFLI

Gjaldtaka.

39. gr.

Gjöld vegna leitarleyfis.

Áður en umsókn um leitarleyfi er tekin til umfjöllunar skal umsækjandi greiða 150.000 kr. umsóknargjald til Orkustofnunar.

Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leitarleyfis skal umsækjandi greiða kr. 600.000 til Orkustofnunar við útgáfu leyfis.

Leyfishafi skal greiða kr. 500.000 í gjald vegna eftirlits, frágangs og varðveislu gagna fyrir hvert ár sem leyfi er í gildi. Fyrsti gjalddagi skal vera fimmtán dögum eftir að leitarleyfi er veitt og árlega á þeim degi eftir það. Leyfi fellur úr gildi ef gjald vegna eftirlits er ekki greitt á tilsettum tíma.

40. gr.

Gjöld vegna umsóknar og útgáfu leyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis.

Áður en umsókn um leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis er tekin til umfjöllunar skal umsækjandi greiða til Orkustofnunar kr. 150.000 umsóknargjald.

Orkustofnun er eigi heimilt að taka umsókn til umfjöllunar hafi gjald skv. 1. mgr. eigi verið innt af hendi.

Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu rannsóknar- og vinnsluleyfa skal umsækjandi greiða eftirfarandi gjöld til Orkustofnunar við útgáfu leyfis:

- a. Fyrir leyfi til rannsókna kolvetnis skal greiða kr. 850.000.
- b. Fyrir leyfi til vinnslu kolvetnis skal greiða kr. 1.350.000.

Leyfishafi skal greiða kr. 1.000.000 í gjald vegna eftirlits, frágangs og varðveislu gagna fyrir hvert ár sem leyfi er í gildi. Fyrsti gjalddagi skal vera fimmtán dögum eftir að rannsóknar- og vinnsluleyfi er veitt og árlega á þeim degi eftir það. Leyfi fellur úr gildi ef gjald vegna eftirlits er ekki greitt á gjalddaga.

41. gr.

Svæðisgjöld.

Svæðisgjöld skv. 7. mgr. 7. gr. kolvetnislaganna, skulu greidd í ríkissjóð. Gjalddagar svæðisgjalda skulu ákveðnir í rannsóknar- og vinnsluleyfi.

42. gr.

Dráttarvextir.

Orkustofnun er heimilt að reikna dráttarvexti á ógreiddar fjárhæðir skv. vaxtalögum sem eru í gildi á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Upplýsingagjöf og skilaskyld gögn.

43. gr.

Árleg skýrsla um vettvangsstöðu svæða.

Ár hvert og við lok leyfistíma skal handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður leitar, rannsókna og vinnslu, upplýsingar um eðli og umfang kolvetnisauðlindar, heildarmagn og mat á verðmæti þess kolvetnis sem hefur verið unnið og fleiri atriði samkvæmt ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi afhenda gögn og senda sýni af efnum óski Orkustofnun þess.

Orkustofnun er heimilt að kveða nánar á um efni og form skýrslunnar.

44. gr.

Upplýsingar um framleitt kolvetni o.fl.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og oftár krefjist Orkustofnun þess skal leyfishafi afhenda Orkustofnun upplýsingar um eðli, magn og samsetningu framleidds kolvetnis og önnur atriði því tengd.

Upplýsingar skulu jafnframt veittar um alla vinnslu kolvetnis. Upplýsingarnar skulu byggjast á mælingum.

Orkustofnun getur sett nánari reglur um skýrslugjöfina.

45. gr.

Upplýsingar um sölu og notkun kolvetnis.

Innan fimmtán daga frá lokum hvers ársfjórðungs skal leyfishafi veita Orkustofnun upplýsingar um það magn sem selt hefur verið og það verð sem fékkst fyrir. Jafnframt skal veita upplýsingar um

það magn sem tekið hefur verið til eigin nota leyfishafa eða til annarra nota, svo sem vinnslu, hreinsunar eða afhendingar til tengdra félaga, og það samningsverð sem stuðst var við.

46. gr.

Upplýsingar um viðskipta- og fjárhagsáætlun.

Þegar viðskipta- og fjárhagsáætlun leyfishafa vegna starfsemi komandi árs liggur fyrir ber að senda afrit slíkra gagna til Orkustofnunar án ástæðulauss dráttar. Verulegum breytingum á slíkri áætlun ber að koma á framfæri og er heimilt að krefjast viðbótarupplýsinga.

Leyfishafa er skylt að veita Orkustofnun aðgang að ársskýrslum og reikningum sem tengjast starfseminni. Þetta tekur jafnframt til eigenda leyfishafa.

47. gr.

Upplýsingar um rannsóknar- og þróunarverkefni.

Orkustofnun getur farið fram á að leyfishafi veiti upplýsingar um fyrirhuguð, yfirstandandi eða yfirstaðin rannsóknar- og þróunarverkefni í tengslum við kolvetnisstarfsemi samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi.

48. gr.

Upplýsingar frá svæðum utan íslenska landgrunnins.

Leyfishafi skal afhenda Orkustofnun að kostnaðarlausu jarðfræðilegar, jarðeðlisfræðilegar og jarðefnafræðilegar upplýsingar varðandi svæði utan íslenska landgrunnins sem keyptar hafa verið eða fengnar hafa verið í tengslum við starfsemi samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi á íslensku yfirráðasvæði og sem Orkustofnun metur nauðsynlegar til skilnings á jarðfræði við eða á íslenska landgrunninu.

49. gr.

Afhending upplýsinga og gagna.

Orkustofnun ákveður á hvaða formi og með hvaða hætti upplýsingar og gögn skulu afhent stofnuninni.

Gögn og upplýsingar sem Orkustofnun getur krafist að lögð verði fram taka jafnframt til hugbúnaðar sem notaður er til að vinna gögnin. Leyfishafa ber að greiða kostnað vegna flutnings gagnanna til notendabúnaðar að því marki sem slíkt getur talist eðlilegt.

50. gr.

Varðveisla gagna.

Leyfishafa ber af öryggisástæðum að varðveita nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að tryggja að Orkustofnun geti sannreynt hvort kolvetnisstarfsemin fari fram í samræmi við lög og reglur.

Fari fram endurúrvinnsla á gögnum sem aflað hefur verið samkvæmt leitarleyfi eða rannsóknar- og vinnsluleyfi skal leyfishafi innan tveggja mánaða frá því að endurúrvinnslunni lauk skila skýrslu um hana ásamt afriti af hinum endurunnu gögnum til Orkustofnunar samkvæmt nánari fyrirmælum hennar. Þessi skylda helst eftir að leyfi fellur úr gildi.

Leitarleyfis- og leyfishafi skulu varðveita öll frumgögn sem aflað hefur verið samkvæmt leitarleyfi eða rannsóknar- og vinnsluleyfi í a.m.k. eitt ár eftir að leyfi fellur úr gildi.

Ákveði leitarleyfis- eða leyfishafi að losa sig við frumgögnin að þessum tíma loknum skal hann bjóða Orkustofnun að taka þau í sína vörslu áður en þeim er eytt. Í tilviki slíkrar afhendingar, ber jafnframt að afhenda önnur mikilvæg skjöl í tengslum við slík gögn og upplýsingar.

Leitarleyfis- og leyfishafi skulu veita Orkustofnun upplýsingar um hverjum hafi verið seldar eða afhentar skýrslur eða gögn samkvæmt grein þessari óski hún þess.

Leitarleyfis- og leyfishafi skulu uppfylla allar kvaðir samkvæmt grein þessari Orkustofnun að kostnaðarlausu.

VIII. KAFLI

Framsal og veðsetning.

51. gr.

Heimildir til framsals.

Óheimilt er að framselja rannsóknar- og vinnsluleyfi samkvæmt reglugerð þessari, eða nokkurn hluta þess, beint eða óbeint, þriðja aðila eða samleyfishafa nema að fengnu samþykki Orkustofnunar. Einnig er óheimilt nema að fengnu samþykki Orkustofnunar að framselja hlutafé eða önnur eignarréttindi í slíku magni að það geti breytt ráðandi stöðu í félagi sem er leyfishafi eða samleyfishafi eða gera samninga sem hafa sömu áhrif.

Orkustofnun er heimilt að krefjast þess að leyfishafi greiði kostnað þann er fellur til vegna framsals leyfa skv. 1. mgr. Heimilt er að kveða nánar á um slíka gjaldtöku í leyfi.

52. gr.

Veðsetning hafstöðva.

Orkustofnun er heimilt að binda samþykki fyrir byggingu og uppsetningu hafstöðva skv. 15. gr. kolvetnislaganna sem og fyrir byggingu og starfrækslu leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis skv. 17. gr. kolvetnislaganna, þeim skilyrðum að afla þurfi heimildar Orkustofnunar fyrir hvers kyns veðsetningu eða öðrum beinum eða óbeinum eignarréttindum. Óbein eignarréttindi skv. grein þessari ná til en takmarkast þó ekki við kauprétti eða önnur slík réttindi, þriðja aðila yfir hafstöðvum í heild eða að hluta, sem tengjast kolvetnisstarfsemi leyfishafa.

Orkustofnun er heimilt að kveða nánar á um skilyrði fyrir samþykki sínu skv. 1. mgr. Skilyrðin skulu byggð á almennum málefnalegum sjónarmiðum, svo sem þjóðaröryggissjónarmiðum, sjónarmiðum um almannahagsmuni, flutningsöryggi, umhverfisvernd, verndun líffræðilegra auðlinda og þjóðargersema sem hafa listrænt, sögulegt eða jarðfræðilegt gildi, öryggi aðbúnaðar og starfsmanna, kerfisbundna auðlindastjórnun eða nauðsyn þess að tryggja fjárhagslegar tekjur.

Öll veðréttindi sem Orkustofnun hefur veitt samþykki sitt fyrir, skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal undantekningarlaust þinglýst í viðeigandi þinglýsingarbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga svo fljótt sem auðið er eftir að Orkustofnun hefur veitt samþykki sitt og aldrei síðar en innan 8 vikna frá samþykki Orkustofnunar.

53. gr.

Ábyrgð á framkvæmd og kostnaði af lokun hafstöðva vegna réttinda þriðja manns.

Telji Orkustofnun að andlag veðsetningarinnar sé þess eðlis að það myndi, ef gengið yrði að veðinu, hafa þau áhrif að leyfishafi gæti ekki uppfyllt skyldur sínar skv. kolvetnislögunum, reglugerð þessari eða leyfi veittu á grundvelli þeirra, er stofnuninni heimilt að setja það skilyrði fyrir samþykki sínu skv. 52. gr. reglugerðar þessarar að veðhafi ábyrgist með fullnægjandi hætti framkvæmd og greiðslu kostnaðar af lokun hafstöðva, sbr. 16. gr. kolvetnislaganna, komi til þess að gengið verði að veðinu.

54. gr.

Um aðilaskipti vegna réttinda þriðja manns.

Sé umfang veðsetningarinnar þess eðlis, að mati Orkustofnunar, að hinar veðsettu eignir séu í senn nauðsynlegar og nægilegar til að halda áfram kolvetnisstarfseminni sem leyfishafi hefur með höndum skv. viðkomandi leyfi er Orkustofnun heimilt að krefjast þess að veðhafi samþykki skriflega, með þeim hætti sem Orkustofnun metur fullnægjandi, að heimila leyfishafa að halda áfram kolvetnisstarfsemi í samræmi við skilyrði leyfisins, kolvetnislaganna og reglugerðar þessarar í allt að 60 daga.

Skal veðhafinn innan fyrrgreinds frests finna áhugasaman aðila til að taka við viðkomandi leyfi leyfishafa. Finnist slíkur aðili innan frestsins og uppfylli hann kröfur þær sem gerðar eru til leyfishafa í kolvetnislögunum, reglum þessum og leyfinu sjálfu og skuldbindi hann sig til að takast á herðar allar þær skuldbindingar sem leyfinu fylgja, getur Orkustofnun afturkallað leyfi leyfishafa og gefið út nýtt leyfi til handa hinum nýja aðila á sama grundvelli og með sömu tímalengd og hið afturkallaða leyfi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Orkustofnun þó heimilt, að ósk hins nýja leyfishafa, að kveða á um lengri gildistíma hins nýja leyfis, þó ekki til lengri tíma en til 4 ára til viðbótar.

Finnist ekki áhugasamur aðili til að taka við af leyfishafanum, skal leyfið afturkallað í samræmi við ákvæði 3. málslíðar 1. mgr. 24. gr. b í kolvetnislögunum. Hið sama á við samþykki Orkustofnun ekki að gefa út nýtt leyfi til hins nýja aðila.

55. gr.

Aðkoma nýs samstarfsaðila vegna fullnustu á réttindum þriðja aðila.

Séu hinar veðsettu eignir nauðsynlegar fyrir áframhaldandi kolvetnisstarfsemi sem leyfishafi hefur með höndum skv. viðkomandi leyfi en þó einar og sér ekki nægjanlegar til að halda henni áfram að mati Orkustofnunar, þ.e. leyfishafi myndi, þrátt fyrir að gengið yrði að veðinu halda eignum sem nauðsynlegar væru til að viðhalda kolvetnisstarfseminni, er Orkustofnun heimilt að samþykkja að veðhafinn fái 60 daga frest til að finna áhugasaman aðila til að gera samstarfssamning, sbr. 30. gr. kolvetnislaganna, við viðkomandi leyfishafa.

Finnist slíkur aðili innan frestsins og uppfylli hann kröfur þær sem gerðar eru til leyfishafa í kolvetnislögunum, reglum þessum og leyfinu sjálfu og skuldbindi hann sig til að takast á herðar í samstarfi við leyfishafann allar þær skuldbindingar sem leyfinu fylgja og samþykki Orkustofnun aðkomu hins nýja aðila getur kolvetnisstarfsemin haldið áfram á grundvelli leyfisins.

Frá þeim tíma sem veðhafi gengur að veðinu og þar til Orkustofnun hefur endanlega samþykkt aðkomu hins nýja aðila að kolvetnisstarfsemi leyfishafa er Orkustofnun heimilt að krefjast þess að veðhafi samþykki, með þeim hætti sem Orkustofnun metur fullnægjandi, að heimila leyfishafa að halda áfram leyfisskyldri starfsemi og skal leyfishafa að sama skapi vera skylt að halda áfram kolvetnisstarfsemi í samræmi við skilyrði leyfisins, kolvetnislaganna og reglugerðar þessarar.

Finnist ekki áhugasamur aðili til að taka við veðandlaginu og ganga til samstarfs við leyfishafa í samræmi við ákvæði greinar þessarar, skal leyfið afturkallað í samræmi við ákvæði 3. málslíðar 1. mgr. 24. gr. b í kolvetnislögunum. Hið sama á við samþykki Orkustofnun ekki aðkomu hins nýja aðila.

56. gr.

Staðgönguráðstöfun.

Sé andlag veðsetningar þess eðlis, að mati Orkustofnunar, að leyfishafa væri unnt að gera staðgönguráðstöfun, t.d. afla nýs hlutar í stað þess sem veðhafi hefur gengið að, er Orkustofnun heimilt að binda samþykki sitt á veðsetningunni því skilyrði að veðhafi samþykki að veita leyfishafa 60 daga frest til að koma staðgönguráðstöfuninni í kring áður en hann tekur veðandlagið í sínar vörslur eða takmarkar ráðstöfunarrétt leyfishafa með öðrum hætti.

Takist leyfishafa ekki innan þess frests sem getið er í 1. mgr. að fullkomna staðgönguráðstöfunina skal Orkustofnun, sbr. 1. mgr. 24. gr. b í kolvetnislögunum, veita honum aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta að viðlögðum dagsektum. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun Orkustofnunar innan tilgreindra tímamarka getur Orkustofnun afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarlegt brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Orkustofnun þó afturkallað það án aðvörunar.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

57. gr.

Tilkynningarskylda.

Leyfishafi skal tafarlaust tilkynna Orkustofnun um atvik eða aðstæður sem gætu leitt til lokunar hafstöðva, skertrar framleiðslu kolvetnis eða hafa áhrif á athafnir sem mælt er fyrir um í stjórnvaldsákvörðunum sem teknar hafa verið á grundvelli kolvetnislaganna eða reglugerðar þessarar.

58. gr.

Aðgangur að skipum og hafstöðvum.

Leyfishafa ber ávallt að veita fulltrúum Orkustofnunar og samráðshóps eftirlitsaðila vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland, sbr. 24. gr. kolvetnislaganna, aðgang að skipum, hafstöðvum og öðrum mannvirkjum sem tengjast kolvetnisvinnslu leyfishafa. Sama gildir um gögn, sýni og aðrar upplýsingar eftir því sem Orkustofnun eða samráðshópurinn metur nauðsynlegt þannig að þessir aðilar geti sinnt eftirlitshlutverki sínu og til að uppfylla markmið stjórnvalda um að efla þekkingu á sviði kolvetnisvinnslu. Skulu fulltrúarnir jafnframt hafa rétt til að fylgjast með rannsóknum og vinnslu sem framkvæmdar eru á grundvelli leyfisins.

Leyfishafi skal heimila framangreindum fulltrúum að vera um borð í skipum og hafstöðvum svo lengi sem þörf krefur.

Leyfishafi skal sjá um að koma framangreindum fulltrúum með viðeigandi ferðamáta frá starfsstöð viðkomandi fulltrúa og til viðkomandi skips eða hafstöðvar og aftur til baka sem og að tryggja þeim hæfilega gistingu og upphald meðan á veru þeirra þar stendur.

59. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á reglugerð þessari. Gera má lögaðila sekt fyrir brot á reglugerð þessari án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

60. gr.

Þagnarskylda.

Um þagnarskyldu fer skv. ákvæðum kolvetnislaga.

61. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 31. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 38/2009, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og reglur nr. 351/2009 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Leyfi, sem veitt voru samkvæmt reglugerð nr. 38/2009 og reglum nr. 351/2009 og eru í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar, halda gildi sínu.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. september 2011.

Katrín Júlíusdóttir.

Þórður Reynisson.